

# Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 21. janúar kl. 09:10, var haldinn 93. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Vindheimum. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug María Friðriksdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Bjarnason, Björgvin Rafn Sigurðarson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Örn Sigurðsson.

## Þetta gerðist:

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

#### 1. Sorpa, Kynning

Mál nr. US150016

Kynntar niðurstöður árlegrar greiningar á samsetningu úrgangs frá heimilum í Reykjavík. Jafnframt kynntar niðurstöður Capasentkönnunar á viðhorfum til úrgangsmála og endurvinnslu.

*Bjarni Gnýr Hjarðar og Ragna Halldórsdóttir kynna..*

*Sigurborg Ó Haraldsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 9:15*

*Gísli Garðarsson tekur sæti á fundinum kl. 9:20.*

*Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri og Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.*

### (A) Skipulagsmál

#### 2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð

Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 16. janúar 2015.

#### 3. Bleikargróf 6, breyting á deiliskipulagi (01.889.3)

Mál nr. SN140692

650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sýrfells ehf dags. 16. desember 2014 um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 6 við Bleikargróf. Í breytingunni felst fjölgun íbúða og breyting á byggingarreit samkvæmt uppdrætti Gests Ólafssonar arkitekts, dags. 15. desember 2014, br. 15. janúar 2015.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísad til borgarráðs.*

*Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

#### 4. Kirkjusandur, breyting á aðalskipulagi (01.34)

Mál nr. SN150015

2010-2030

Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. janúar 2015 varðandi breytingu á aðalskipulagsi Reykjavíkur 2010-2030 vegna reits 27, þróunarsvæði nr. 44,

Kirkjusandur - miðsvæði M6b. Í breytingunni felst að endurskilgreina mögulegan fjölda íbúða á svæðinu.

*Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 30. gr. sbr. 1. mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010 Samþykkt að vísa lýsingunni til umsagnar Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og hverfisráðs Laugardals.. Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.*

*Vísad til borgarráðs.*

*Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

### **(B) Byggingarmál**

5. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423  
*Fundargerð*

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 811 frá 20. janúar 2015.

### **(C) Fyrirspurnir**

6. **Vesturgata 6-10A, (fsp) kvistir og innra** (01.132.1) Mál nr. SN140693  
*skipulag*  
121271-4789 Hallgrímur Friðgeirsson, Kirkjustétt 22, 113 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hallgríms Friðgeirssonar dags. 30. desember 2015 um byggingu kvista á bakhlið hússins nr. 8 á lóð nr. 6-10A við Vesturgötu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. janúar 2015.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. janúar 2015 samþykkt .*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.*

*Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Ólafur Kr. Guðmundsson sat fundinn við umræður um fyrirspurnina en Áslaug María Friðriksdóttir tók sæti á fundinum fyrir afgreiðslu þess.*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

### **(E) Umhverfis- og samgöngumál**

7. **Grensásvegur suður, þrenging götu og** Mál nr. US140180  
*hjólastígur*

Lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 18. nóvember 2014 ásamt tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að þrengingu á götu og gerð hjólastígs á Grensásvegi sunnan Miklubrautar samkv. uppdrætti Eflu dags . í apríl 2014. Einnig er lögð fram greinargerð umhverfis og skipulagssviðs dags. 7. júní 2012. Jafnframt er lögð fram til kynningar tillaga teiknistofunnar Storð ehf. að gróðursetningu vegna þrengingar á götu og hjólastíga dags. 7. nóvember 2014.

Einnig er lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Áslaugar Maríu Friðriksdóttur og Ólafs Kr. Guðmundssonar frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 19. nóvember 2014 um aðgerðir á syðri hluta Grensásvegar:

"Í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og tryggja eðlilegt umferðarflæði, er lagt til að farið verði í eftirfarandi aðgerðir á Grensásvegi milli Bústaðavegar og Miklubrautar .

Gerður verði hjólreiðastígur austan megin vegarins og gangstígur breikkaður. Miða skal við að hjólreiðastígurinn verði nægilega breiður fyrir hjólaumferð í báðar áttir og rýmið aukið á milli bílumferðar og gangandi vegfarenda með þessum aðgerðum. Í þessum tilgangi verði miðeyjan mjókkuð og eystri akreinar vegarins færðar til vesturs sem því nemur.

Notendastýrðum gönguljósum veðri bætt við nálægt gatnamótum Heiðargerðis og Grensásvegur.

Lýsing þessa vegakafla verði bætt og endurhönnuð sérstaklega með þarfir gangandi vegfarenda í huga og þá einkum skólabarna.

Sebrabrautir og umferðarskilti í samræmi við lög og reglugerðir verði settar á allar hliðargötur meðfram þessum kafla Grensásvegur.

Þegar í stað verði framkvæmdar umferðartalningar og hraðamælingar á vegakaflanum og umferðarstjórnun metin í framhaldinu t.d með radarskiltum. Mikilvægt er að gert verði umferðarmódel af götunni, þar sem afleiðingar þessara breytinga eru metnar. Samhliða þessu verði metin þörf fyrir göngubrú yfir Grensásveg á helstu gönguleiðinni með öryggi skólabarna sérstaklega í huga.

Efna skal til víðtækrar kynningar á þessum tillögum meðal íbúa og annarra hagsmunaaðila, svo sem atvinnurekendum við götuna og í næsta nágrenni. Einnig skal leggja fram umsögn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og lögreglunni, enda er Grensásvegur mikilvæg leið viðbragðsaðila að neyðarmóttöku Landsspítalans í Fossvogi."

Kynnt fundargerð af kynningarfundum umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. nóvember 2014 um væntanlegar breytingar á Grensásvegi. Einnig er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 13. janúar 2015 varðandi breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni eftir samráðsfund með hagsmunaaðilum.

*Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 19. nóvember 2014 er tekin til atkvæðagreiðslu og felld með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Kristínar Soffíu Jónsdóttur, fulltrúa- Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs Gísla Garðarssonar gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks Júlíusar Vífils Ingvarssonar og Ólafs Kr. Guðmundssonar og fulltrúa framsóknar og flugvallarvina Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur sem bókar " Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina telur að tillaga Sjálfstæðismanna sé skynsamlegri af þeim tveimur tillögum sem liggja fyrir en telur þó að breytingar á Grensásvegi sé ekki forgangsverkefni m.a. í ljósi kostnaðar og forgangsröðun fjármuna. Þá var nýlega samþykkt að klára hjólástíg við Háaleitisbraut. Tryggja þurfi umferðaröryggi og að forgangsakstur verði ekki skertur. "*

*Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs samþykkt með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Kristínar Soffíu Jónsdóttur, fulltrúa- Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs Gísla Garðarssonar gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks Júlíusar Vífils Ingvarssonar og Ólafs Kr. Guðmundssonar og fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Ólafur Kr. Guðmundsson bóka „Meirihluti borgarstjórnar hefur gert þrengingar gatna í Reykjavík að forgangsverkefni sínu. Megin tilgangurinn er að þrengja að umferðinni og skiptir þá litlu máli hvað það kostar. Fækkun akreina og þrengingar á tveimur götum, Grensásvegi og Háaleitisbraut, mun kosta borgarbúa 205 milljónir króna. Á sama tíma standa margir tónlistarskólar í Reykjavík frammi fyrir gjaldþroti en borgarfulltrúar meirihlutans finna enga peninga í sjóðum borgarinnar til að tryggja framboð á tónlistarnámi svo dæmi sé tekið um verkefni sem ætti frekar að hafa forgang. Önnur lögmál virðast gilda um tilgangslausar þrengingar á gatnakerfinu.*

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í umhverfis- og skipulagsráði hafa lagt fram útfærðar tillögur um það hvernig auka má öryggi gangandi vegfarenda og leggja hjólastíga meðfram Grensásvegi án þess að það hafi áhrif á aðra umferð sem fer um götuna og án þess að fækka akreinum um helming eins og til stendur. Umferðartalningar staðfesta að umferð um götur borgarinnar eykst ár frá ári og er á síðasta ári meiri en nokkru sinni fyrr að árinu 2007 undanskildu og því furðulegt að fara í öfuga átt þegar kemur að gatnakerfinu. Ekki liggja fyrir neinar talningar á því hversu margir hjóla um Grensásveg og því er ekki vitað hver raunveruleg þörf er.

Reynslan sýnir að þegar götur eru þrengdar eins og t.d. Hofsvallagata leitar umferðin inn á aðrar götur og inn í íbúðahverfi. Ekkert umferðarmódel hefur verið gert sem greinir hvert umferðin mun leita eftir að Grensásvegur hefur verið þrengdur og hver áhrifin verða af þessum framkvæmdum. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að gert verði umferðarmódel þar sem mat verði lagt á áhrif breytinga á Grensásvegi hefur nú verið felld sem sýnir að lítil vilji er til að gera þetta með faglegum og sæmilega varfærnum hætti og að koma í veg fyrir fjármunum borgarbúa sé varið í óþarfa.“

Fulltrúi Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson, fulltrúi- Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs Gísli Garðarsson bóka „Tillaga um endurhönnun Grensásvegur suður er hluti af Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar frá árinu 2010 og í samræmi við stefnu borgarinnar í umferðarmálum og Aðalskipulag Reykjavíkur. Aðgerðin mun hægja á bílumferð, auka umferðaröryggi og bæta aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi barna og fullorðinna í hverfinu. Umferðarflæði götunnar mun ekki raskast enda er metin umferð á þessum kafla Grensásvegur langt undir viðmiðum fyrir fjögurra akreina götu. Hönnun tekur tillit til athugasemda hagsmunaaðila þ.á.m. frá Slökkviliði sem komu fram í samráðsferlinu.“

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir vikur af fundi kl 11:25, þá var einnig búið að afgreiða lið 10 í fundargerðinni.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir tekur sæti á fundinum kl 12:35 þá var búið að fjalla um lið 11 og 12 í fundargerðinni.

8. **Tryggvagata 28, bílastæði fyrir hótél** Mál nr. US140233  
*Radisson blu 1919 (US2013070043)*

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 4. desember 2014 varðandi bílastæði fyrir hótél Radisson SAS 1919 við Tryggvagötu 28 . Einnig er lagt fram bréf Radisson blu 1919 hotel móttakið 13. janúar 2015.  
*Samþykkt.*

9. **Ellidavogur, mat á umhverfisáhrifum vegna** Mál nr. SN150028  
*landfyllinga (US2014100060)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 16. janúar 2015 varðandi mat á umhverfisáhrifum landfyllinga í Ellidavogi.  
*Samþykkt*  
*Vísad til borgarráðs.*

#### (D) Ýmis mál

10. **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins** Mál nr. SN140462  
**2015-2040, auglýsing á tillögu**

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. september 2014 vegna samþykktar borgarráðs 28. ágúst 2014 um að vísa erindi svæðisskipulagsnefndar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðisins dags. 26. ágúst 2014 um auglýsingu á tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs. Óskað er eftir að umsögn berist innan 14 daga. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. september 2014 og athugasemdir umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. janúar 2015 við auglýsta tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040.

*Samþykkt*

*Vísad til borgarráðs.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífil Ingvarsson og Ólafur Kr. Guðmundsson og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.*

*Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

11. **Hávaði frá framkvæmdum í íbúðabyggð og miðsvæðum., kynning** Mál nr. US150015

Lagt fram erindi frá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þar sem óskað er eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kynni aðkomu HER vegna hávaða frá framkvæmdum í íbúðarbyggð og miðsvæðum fyrir umhverfis- og skipulagsráði.  
*Kynnt.*

*Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri og Ólöf Vilbergsdóttir heilbrigðisfulltrúi sitja fundinn undir þessum lið.*

12. **Umhverfis- og skipulagssvið, vetrarþjónusta staðan í janúar 2015.** Mál nr. US150013

Kynnt staðan á vetrarþjónusta umhverfis- og skipulagssviðs dags. í janúar 2015.  
*Kynnt.*

*Guðjóna Björk Sigurðardóttir skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

*Ólafur Kr. Guðmundsson vikur af fundi kl. 12:40 og tók Áslaug María Friðriksdóttir sæti á fundinum á sama tíma, þá átti eftir að afgreiða liði 8 og 9 í fundargerðinni.*

13. **Laugavegur, hönnunarsamkeppni** Mál nr. US150020

Kynntar niðurstöður úr hönnunarsamkeppni um Laugavegs frá Skólavörðustíg að Snorrabraut.  
*Fulltrúar Arkís Birgir Teitsson og Hermann Ólafsson kynna.*

14. **Óðinstorg, hönnunarsamkeppni** Mál nr. US150019

Kynntar niðurstöður hönnunarsamkeppni um Óðinstorg.  
*Fulltrúar Basalt arkitekta Hrólfur Karl Cela og Anna María Bogadóttir kynna.*

15. **Laugavegur 70 og 70B, málskot** (01.174.2) Mál nr. SN150004  
041148-4469 Sigurgeir Sigurjónsson, Bárugata 18, 101 Reykjavík  
130277-3499 Sigurjón Sigurgeirsson, Laugavegur 70, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot Sigurjóns Sigurgeirssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar dags. 19. desember 2014 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 28. nóvember 2014 á notkun húsanna á lóðunum nr. 70 og 70B við Laugaveg.  
*Fyrri afgreiða skipulagsfulltrúa frá 28. nóvember 2014 staðfest.*

*Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

*Kristín Soffía Jónsdóttir vísar af fundi kl 14:25.*

16. **Skipholt 70, málskot** (01.255.2) Mál nr. SN140676  
710178-0119 Teiknistofan Arkitektar ehf, Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Teiknistofunnar Arkitektar ehf. dags. 9. desember 2014 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 20. nóvember 2014 um hækkun hússins á lóðinni nr. 70 við Skipholt um eina inndregna hæð ásamt breytingu á notkun annarrar hæðar hússins úr atvinnuhúsnæði í íbúðir/gistiheimili.  
*Frestað.*

17. **Kleppsvegur, Kleppur, deiliskipulag** (01.3) Mál nr. SN150018  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 9. janúar 2015 varðandi samþykkt hafnarstjórnar s.d. um að fela hafnarstjóra í samvinnu við umhverfis- og skipulagssviðs að vinna tillögu að deiliskipulagi lands við Klepp.  
*Vísad til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.*

18. **Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup** Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í nóvember 2014.

19. **Umhverfis- og skipulagssvið, mánaðaruppgjör janúar til október 2014** Mál nr. US130185

Kynnt uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs ES og RK fyrir janúar til nóvember 2014.

20. **Umhverfis- og skipulagsráð, Bréf Maríu Hildar Maack** Mál nr. US150014

Lagt fram bréf Maríu Hildar Maack dags. 14. janúar 2015 þar sem óskað er eftir að koma á fund ráðsins og kynna verkefni er varðar verkefni sem er að efla umhverfisvitund neytenda í borginni.  
*Vísad til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæði.*

21. **Betri Reykjavík, hraðleið á milli stúdentaíbúðanna í Grafarholti og háskólanna (US2014120084)** Mál nr. US150007  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fjórða efsta hugmynd desembermánaðar úr flokknum samgöngur "hraðleið á milli stúdentaíbúðanna í Grafarholti og háskólanna" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. janúar 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. janúar 2015 samþykkt.*

22. **Betri Reykjavík, setja bekki fyrir utan Hlemm (US2014120081)** Mál nr. US150003  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd desembermánaðar úr flokknum samgöngur "setja bekki fyrir utan Hlemm" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. janúar 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. janúar 2015 samþykkt.*
23. **Betri Reykjavík, lækkun hámarkshraða í íbúðargötum (US2014120082)** Mál nr. US150004  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram önnur efsta hugmynd desembermánaðar úr flokknum samgöngur "lækkun hámarkshraða í íbúðargötum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. janúar 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. janúar 2015 samþykkt.*
24. **Betri Reykjavík, rauntímakort í öll strætóskýli borgarinnar (US2014120083)** Mál nr. US150006  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram þriðja efsta hugmynd desembermánaðar úr flokknum samgöngur "rauntímakort í öll strætóskýli borgarinnar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. janúar 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. janúar 2015 samþykkt.*
25. **Betri Reykjavík, uppl. um skautafærð á tjörninni á vef Reykjavíkurborgar** Mál nr. US140106  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd marsmánaðar úr flokknum frítími og útivist "uppl. um skautafærð á tjörninni á vef Reykjavíkurborgar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. janúar 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. janúar 2015 samþykkt.*
26. **Arnargata 10, kæra 124/2014, umsögn (01.553.2)** Mál nr. SN140680  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. desember 2014 ásamt kæru dags. 11. desember 2014 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Fálkagötareits vegna lóðarinnar nr. 10 við Arnargötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 12. janúar 2015.
27. **Arnargata 10, kæra 6/2015, umsögn (01.553.2)** Mál nr. SN150019  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála dags. 13. janúar 2015 ásamt kæru dags. 10. janúar 2015 þar sem kært er byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Arnargötu 10. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 14. janúar 2015.
28. **Skipasund 43, kæra 123/2014, umsögn (01.358.2)** Mál nr. SN140657  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 4. desember 2014 vegna byggingarleyfis fyrir framkvæmdum á lóð nr. 43 við Skipasund. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 13. janúar 2015.

29. **Frakkastígur - Skúlagata, drög að lýsingu** (01.15) Mál nr. SN140664

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. janúar 2015 um samþykkt borgarráðs s.d að skipulagslýsingu fyrir hluta Skúlagötusvæðis.

30. **Hádegismóar 1-3, breyting á deiliskipulagi** (04.411) Mál nr. SN140638  
590658-0149 Freyr ehf, Lynghálsi 2, 110 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf, Bolholt 8, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. janúar 2015 um samþykkt borgarráðs s.d að auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi lóðanna að Hádegismóum 1-3.

Fleira gerðist ekki.  
**Fundi slitið kl. 14:45.**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð.

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir Gísli Garðarsson

Júlíus Vífill Ingvarsson Áslaug Friðriksdóttir

Guðfinna Jón. Guðmundsdóttir



## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 20. janúar kl. 10:33 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 811. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Jón Hafberg Björnsson, Eva Geirsdóttir, Björn Kristleifsson, Sigrún Reynisdóttir, Skúli Þorkelsson, Bjarni Þór Jónsson og Björgvin Rafn Sigurðarson

Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- Almannadalur 17-23** (05.865.301) 208505 Mál nr. BN048698  
631213-1620 F fasteignafélag ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
491109-0250 Hilda ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN036041 þannig að fjölgað verður kvistum og fjölgað verður eignum úr fjórum í sex í húsinu nr. 23 á lóð nr. 17-23 við Almannadal.  
Stækkun XX ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 9.500  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*  
*Erindið er til umsagnarferli hjá skipulagsfulltrúa.*
- Austurstræti 8-10** (01.140.404) 100847 Mál nr. BN048755  
700498-2049 Reitir III ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um aðskilið byggingarleyfi fyrir rými 103, sbr. erindi BN048613, á 1. hæð í húsi á lóð nr. 8-10 við Austurstræti.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
- Ármúli 2** (01.290.401) 103756 Mál nr. BN048751  
450393-2749 BB29 ehf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta flóttaleiðum og brunamerkingum á 1. hæð, fjarlægja skyggni og byggja í staðinn hjólaskýli við baðhús við bakinnangang aðalhúss á lóð nr. 2 við Ármúla.  
Stærð hjólaskýlis: XX ferm. XX rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
- Ármúli 26** (01.292.102) 103791 Mál nr. BN048729  
521009-1010 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048000 þannig að innra skipulag tannlæknastofu verður breytt og biðstofa er stækkuð í rými 0201 í húsinu á lóð nr. 26 við Ármúla.  
Bréf frá Geislavörnum ríkisins dags. 23. desember 2014 fylgir erindi.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
- Ármúli 9** (01.263.001) 103518 Mál nr. BN048753  
500210-0440 Hótel Ísland ehf., Holtsbúð 87, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN047780 þannig að innra skipulagi 7. hæðar verður breytt og komið verður fyrir þaksvolum á öllum hornum hússins á lóð nr. 9 við Ármúla.

Gjald kr. 9.823

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*

*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

6. **Barónsstígur 45A** (01.193.004) 102530 Mál nr. BN048699  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leiðréttingu á nýsamþykktu erindi, BN048267 þar sem rýmisnúmer og skráningu er breytt í Sundhöll Reykjavíkur á lóð nr. 45A við Barónsstíg.  
Stækkun var skráð: 1.388,2 ferm., 5.583,4 rúmm.  
Leiðrétt stækkun: 1.011,6 ferm., 5.196,3 rúmm.  
Gjald kr. 9.500  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*
7. **Bergstaðastræti 46** (01.185.205) 102159 Mál nr. BN048609  
290353-4409 Edda Sigfríð Jónasdóttir, Eskihlíð 6, 105 Reykjavík  
170565-5849 Maríus Þór Jónasson, Faxaskjól 22, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera svalir á rishæð, innréttu tvö svefnherbergi í risi, baðherbergi í kjallara og breyta innra skipulagi, m. a. innréttu þvottaherbergi og geymslu í bílgeymslu einbýlishúss á lóð nr. 46 við Bergstaðastræti.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. janúar 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar 2015.  
Gjald kr. 9.500  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði og til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar 2015.*
8. **Borgartún 26** (01.230.002) 102910 Mál nr. BN048742  
640809-0510 LF6 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í austurhluta skrifstofurýmis á 4. hæð í húsinu á lóð nr. 26 við Borgartún.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
9. **Bragagata 38A** (01.186.629) 102324 Mál nr. BN048356  
420206-2080 Þorp ehf, Bolholti 4, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja kvisti á þak, flóttastiga á austurhlið og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 38A við Bragagötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. október 2014 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2014 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa frá 16. janúar 2015. Erindið var grenndarkynnt frá 8. desember 2014 til og með 12. janúar 2015. Engar athugasemdir bárust.  
Stækkun: 12,2 rúmm.  
Gjald kr. 9.500

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*

10. **Brautarholt 16** (01.242.205) 103034 Mál nr. BN048736  
690169-1939 Kistufell sf, Brautarholti 16, 105 Reykjavík  
110233-4349 Jón Þórhallsson, Furugrund 68, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að skipta upp rými 0103 og innrétta rakarastofu í öðrum enda rýmisins í húsinu á lóð nr. 16 við Brautarholt.  
Jákvæð fyrirspurn BN048670 fylgir.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
11. **Brekkugerði 8** (01.804.406) 107754 Mál nr. BN048752  
150151-7599 Ásgeir Bolli Kristinsson, Brekkugerði 8, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir hliðgrind með rafmagnsopnun við aðkomu á lóð og til að fjölga gluggum á vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 8 við Brekkugerði.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til umsagnar skrifstofu reksturs og umhirðu.*
12. **Dugguvogur 2** (01.452.001) 105605 Mál nr. BN048540  
550512-1140 Vogabyggð ehf., Austurstræti 11, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta bogfimisal með 35 12 metra brautum og 20 18 metra brautum á 2. hæð í húsinu á lóð nr. 2 við Dugguvog.  
Bréf lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins dags. 15. janúar 2015 fylgir erindinu.  
Gjald kr. 9.500 + 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.*
13. **Granaskjól 48-52** (01.515.303) 105842 Mál nr. BN048548  
110676-4769 Arnbjörn Ingimundarson, Granaskjól 48, 107 Reykjavík  
190859-4369 Tómas Óskar Guðjónsson, Granaskjól 50, 107 Reykjavík  
030879-4739 Björgvin Freyr Vilhjálmsson, Granaskjól 52, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja glerskála á norðurhlið raðhúss á lóð nr. 48-52 við Granaskjól.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. janúar 2015 fylgir erindinu. Erindi var grenndarkynnt frá 8. desember 2014 til og með 12. janúar 2015. Engar athugasemdir bárust.  
Stækkun pr. matshluta: 10,5 ferm., 22,7 rúmm.  
Samtals stækkun: 31,5 ferm., 68,1 rúmm.  
Gjald kr. 9.500  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
14. **Grandagarður 2** (01.115.301) 100058 Mál nr. BN048750  
511214-1220 1486 ehf., Grandagarði 2, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu veitingastaðar úr flokki II e, kaffihús, í veitingastað í flokki II a, veitingahús, jafnframt er skipulagi í eldhúsi og afgreiðslu breytt í Alliance húsinu á lóð nr. 2 við Grandagarð.  
Meðfylgjandi er tilvitnun í hluta af leigusamningi.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
15. **Gunnarsbraut 30** (01.247.113) 103345 Mál nr. BN047471

230475-4669 Helga Gerður Magnúsdóttir, Gunnarsbraut 30, 105 Reykjavík

301272-4569 Ársæll Valfells, Gunnarsbraut 30, 105 Reykjavík

